

Ytra mat Laugargerðisskóli

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Eyja- og Miklaholtshrepp.

Höfundar: Birna Sigurjónsdóttir og Hanna Hjartardóttir
© Menntamálastofnun, 2016.
ISBN 978-9979-0-2087-5

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Stjórnun	5
Nám og kennsla	5
Uppeldis- og menntastarf	6
Innra mat	6
Mannauður	6
Inngangur	7
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	9
Nemendur	10
Árangur náms	10
Starfstími	11
Sérfræðiþjónusta	11
Niðurstöður	12
Svið I – Stjórnun	12
Fagleg forysta	12
Stefnumótun og skipulag	14
Samskipti heimila og skóla	16
Svið II – Nám og kennsla	17
Nám og námsaðstæður	17
Þátttaka og ábyrgð nemenda	20
Námsaðlögun	21
Uppeldis- og menntastarf í leikskóladeild Laugargerðisskóla	21
Svið III – Innra mat	24
Framkvæmd innra mats	24
Umbótastarf í kjölfar innra mats	25
Svið IV – Mannauður	26
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	27
Frekari greining	30
Heimildir	33

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Laugargerðisskóla sem fór fram á haustönn 2016. Laugargerðisskóli er samrekinn leik- og grunnskóli. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þáttur mannaúður. Einnig er í skýrslunni fjallað sérstaklega um leikskóladeildina, kaflinn: *Uppeldis og menntastarf í leikskóladeild Laugargerðisskóla*.

Stjórnun

Skólastjóri leggur rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stefna skólans er skýrt fram sett í skólanámskrá og allir hagsmunaaðilar þekkja hana. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum og *Jákvæður agi* hefur verið innleiddur sem styrkir skólann í því að hafa góðan skólabrag. Skólareglur og gildi sem *Jákvæður agi* byggir á mættu þó vera sýnilegri í skólanum.

Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá kveður á um og allar helstu ákvarðanir og stefnur skólans eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Gæta þarf þess að nemendur í skólaráði séu kosnir til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um og að fundargerðir ráðsins séu birtar á heimasíðu.

Nemendur á yngsta- og miðstigi fá fleiri kennslustundir á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir og þrátt fyrir fámennið fá nemendur á unglíngastigi nánast það hlutfall valstunda sem aðalnámskrá kveður á um. Samskipti heimila og skóla einkennast af gagnkvæmri virðingu og upplýsingamiðlun er góð að mati hagsmunaaðila. Foreldrar taka þátt í skólastarfinu á ýmsan hátt, bæði með mætingu á hina ýmsu viðburði og einnig til gæslu á „lögum dögum“ þegar nemendur eru við tómsundaiðkun.

Huga þarf að því þegar næsta endurskoðun skólanámskrár fer fram, að það verði gert með þátttöku allra hagsmunaaðila. Námsvísa/árganganámskrár þarf að vinna með og birta á heimasíðu svo allir hagsmunaaðilar geti séð hvernig samfella er í hverju fagi frá upphafi skólagöngu til enda. Áætlanir um sérkennslu og stuðning og skimanir tengdar honum þurfa að vera á heimasíðu.

Nám og kennsla

Í skólanámskrá Laugargerðisskóla kemur fram að skólinn starfar sem „skóli margbreytileikans“. Leitast er við að efnisval og inntak náms, kennslu og leiks mótist af grunnþáttunum: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun en sýna þarf skýrar í námsvísunum hvernig grunnþættir tengjast námi í einstökum greinum. Í þeim námsáætlunum sem liggja fyrir eru birt hæfni viðmið sem verða lögð til grundvallar námsmati en gera þarf skýrari grein fyrir markmiðum náms í heild sinni í námsvísunum fyrir allar námsgreinar og árganga.

Skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli og samstarf og samfella milli skólastiganna er góð. Skólastofur eru flestar vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms. Tengsl við grenndar-samfélagið eru töluverð og fyrirtæki í grenndinni hafa stutt vel við skólann. Nemendur geta sótt hljóðfærakennslu á skólatíma. Nemendur fá aukinn tíma í íþróttum og list- og verkgreinum og valtímar eru á stundaskrá nemenda á yngsta- og miðstigi auk þess sem unglíngar fá tiltölulega mikið val miðað við stærð skólans.

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og stundir voru að meirihluta metnar góðar eða frábærar. Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum og nemendum kennt að nýta raf-rænt námsefni og námsumhverfi. Nemendur í 5. bekk og eldri fá spjaldtölvur til eigin nota. Tryggja þarf að verkefni nemenda séu ávallt námslega krefjandi og leggja meiri áherslu á umræður og skoðanaskipti í námi og á gagnrýna hugsun nemenda.

Nemendafélag er virkt og fulltrúar kosnir lýðræðislegri kosningu, félagið hefur staðið fyrir fjáröflun og keypt tæki fyrir skólann. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er góður í kennslustundum.

Skólinn er án aðgreiningar að mati viðmælenda og stuðningur við nám er veittur sem mest inni í bekk. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þessa þurfa en auka þarf aðkomu foreldra að þeim. Í námsvísun þarf að koma fram hvernig fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt.

Uppeldis- og menntastarf

Leikskóladeild Laugargerðisskóla er til húsa í hluta skólahússins. Deildin er vel útbúin af bókum og spilum og náms- og kennslugögn eru aðgengileg í sérstöku herbergi. Útisvæði er afgangur og útbúið fjölbreyttum leiktækjum. Svigrúm er gott til að mæta hreyfingarförum barna bæði í útivist og íþróttum. Markvisst er unnið með læsi og börnin hvött til að segja frá. Hluti barnanna er með annað móðurmál en íslensku en þess sér lítinn stað í athöfnum þeirra eða umhverfi að fram fari þjálfun í íslensku sem öðru máli.

Börnin eru glöð og áhugasöm og virðist líða vel og andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og umhyggju og gagnkvæmri virðingu barna og starfsmanna. Þrjú daga í viku fara 5 ára börnin í forskólakennslu inni í skólanum í eina kennslustund. Í skólanámskrá leikskólans er mikil áhersla lögð á lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfinu. Ekki sést þó í vettvangsathugunum hvort börnin hafa tækifæri til að hafa áhrif á skipulag og viðfangsefni eða hvaða leiðir eru farnar til að fá fram hugmyndir barnanna og raddir barna sem ekki hafa öðlast næga færni í íslensku.

Árangur stuðnings er metinn reglulega og málþroskapróf er lagt fyrir 4–5 ára börn að vori. Í nýlegri foreldrakönnun fyrir leikskólann kemur fram ánægja þeirra með leikskólastarfið og í rýnihópi er sagt „börnin eru allra“ og leikskólastarfsmaðurinn eins og „amma allra í sveitinni“.

Innra mat

Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn nýtir í innra mat sitt. Í langtímaáætlun sést að allir helstu þættir skólustarfs eru metnir á 6 ára tímabili og skilgreind eru viðmið við hvern þátt í Gæðagreini. Skólinn nýtir fjölbreyttar leiðir til að afla gagna og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.

Greinargerðir um innra mat skólans eru ítarlegar og birtar á heimasíðu ásamt niðurstöðum kannana. Umbótaáætlun, bæði fyrir leik- og grunnskóla er tímasett og skilgreindir ábyrgðaraðila og hvenær meta á árangur aðgerða.

Áætlun er til um innra mat skólans á yfirstandandi skólaári en æskilegt er að hún sé ítarlegri svo allir þættir innra matsins séu þar skráðir. Þá þarf að samræma niðurstöður innra mats liðins árs við umbótaáætlun yfirstandandi skólaárs. Til þess að allir hagsmunaaðilar geti tekið þátt í forgangsriðun matsþátta, ákveði áherslur og viðmið verkefna og hvaða leiðir á að fara, væri æskilegt að skipa matsteymi þar sem allir eiga sinn fulltrúa.

Mannauður

Starfsandi er góður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni. Mótuð hefur verið starfsmannastefna fyrir skólann, þar er eitt af markmiðunum að *haga stjórnun og vinnutilhögun þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín*.

Starfsmenn hafa aðgang að gögnum og tækjum sem þeir þurfa og netaðgangur er góður en vinna þarf áfram að endurbótum húsnæðis og vinnuaðstöðu kennara. Aðgengi að skólastjóra er gott og starfsfólk segist fá hrós og hvatningu og skólastjóri hefur sérstaklega hvatt kennara til aukins samstarfs. Samábyrgð er ríkjandi gagnvart nemendahópnum enda skólinn fámennur og allir tengjast og þekkjast.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Laugargerðisskóla. Matið var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi 13. og 14. október, 2016. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Laugargerðisskóla voru fjórir þættir metnir: stjórnun, nám og kennsla, innra mat og mannauður. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Leikskóladeild er samrekin með grunnskólanum og var starfsemi hennar einnig metin sem birtist í kafla um uppeldis- og menntastarf.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem var ekki gert í þessu tilfelli. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007–2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi¹. Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra könnunarprófa og framfarastuðull frá undanförunum árum. Engar heildarúttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Fyrir vettvangsheimsókn voru sendar kynningar á matinu þar sem forsendur þess voru kynntar sem og framkvæmdin. Þær kynningar voru sendar skólastjóra til kynningar fyrir starfsfólk svo og sveitarstjóra/oddvita. Á vettvangi var farið í kennslustundir hjá öllum fastráðnum

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

kennurum og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Einnig var verið á vettvangi í leikskóladeild. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 3.–10. bekk, foreldrum (með börn í leik- og grunnskóla) og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum foreldra og nemenda voru valdir með slembiúrtaki en í rýnihópi kennara og annarra starfsmanna voru, vegna fámennis, nánast allir með. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann og umsjónarmann leikskóladeildar. Sérstökum spurningum vegna fjórða matsþáttarins, mannauðs, var beint til allra rýnihópanna.

Vettvangsathugunin stóð yfir í 2 daga, þ.e. 12. og 13. október, 2016. Farið var í 15 kennslustundir hjá 6 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, ensku, heimilisfræði og tónlist, auk forskólakennslu í lestri. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund og skráðu einnig vettvangsathuganir í leikskóladeild. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Einnig fékk hann í hendur lýsingu á vettvangsheimsóknum í leikskóladeild. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu allir kennarar sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Laugargerðisskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Laugargerðisskóli hefur starfað síðan 1965 og var upphaflega heimavistaraskóli. Ágætt aðstaða er til náms í skólanum og m.a. íþróttahús og sundlaug. Í dag eru heimavistarherbergin eingöngu notuð sem hótélherbergi á sumrin. Leikskóladeild er starfrækt við grunnskólann sem hluti af skólanum. Leitast er við að hafa sem mest samstarf og samfellu á milli þessara skólastiga. Þannig fá t.d. öll leikskólabörn íþróttir, tónmennt og upplýsingatækni einu sinni í viku og elstu börn í leikskóla eru í forskóla í málörvun hjá kennurum grunnskóla. Nemendur í leikskóladeild svo og fjórir yngstu árgangarnir eru fjóra daga í skólanum í viku hverri.

Skólinn er staðsettur í landbúnaðarhéraði og því starfa flestir foreldrar að landbúnaðarstörfum. Nemendur eru úr Eyja- og Miklaholtshreppi auk nemenda úr Kolbeinsstaðahreppi sem er hluti af Borgarbyggð. Þá eru fyrirtæki starfandi í sveitarfélaginu sem hafa m.a. styrkt skólann með því að gefa öllum nemendum í 5.–10. bekk spjaldtölvur og styrkja kaup á leikkastala á lóðina.

Nemendur eiga kost á tónlistarkennslu, einkatíma á hljóðfæri á skólatíma grunnskólans og þess gætt að þeir tímar séu „rúllandi“ svo nemendur missi ekki alltaf af sama faginu þegar farið er í hljóðfæránám.

Töluvert samstarf er við aðra grunnskóla á Vesturlandi. M.a. bjóða nemendur Laugargerðisskóla nemendum á Lýsuhóli í heimsókn og gagnkvæmt. Þetta skólaár fara nemendur á unglíngastigi einn dag í viku í Grunnskólann í Borgarnesi og taka þátt í skólastarfinu þar. Tengsl við framhaldsskóla eru mest við Menntaskóla Borgarfjarðar. Námsráðgjafi þaðan og frá Fjölbreyttaskóla Vesturlands koma í heimsókn og kynna skólana á hverju ári og nemendur 10. bekkjar fara í heimsóknir til þeirra á vorin.

Svokallaðir „langir dagar“ eru skipulagðir í hverjum mánuði í samstarfi við foreldrafélagið. Þá er skipulögð dagskrá frá kl. 15:30–21:00 þar sem fram fer fjölbreytt tómsundastarf svo sem íþróttir, leikir, spil og dans auk þess sem nemendur sjá sjálfir um léttan kvöldverð.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru *traust, virðing og vinátta* og í starfsáætlun skólans, svo og í skólanámskrá, er gerð nánari grein fyrir gildi hvers orðs. Í starfsáætlun er einnig gerð grein fyrir stefnu og markmiðum Laugargerðisskóla, þar segir m.a. að stefna skólans sé:

- Að öllum líði vel í Laugargerðisskóla.
- Að taka mið af þörfum hvers nemanda og aðstoða til aukins þroska á forsendum hvers og eins.
- Að vinna í nánú samstarfi við foreldra og taka mið af umhverfi skólans.
- Að nemendum skuli tamin ábyrgð og virðing fyrir náttúru og menningu, sjálfum sér og öðrum.

Skólinn hefur útfært grunnþætti í menntun og áherslupætti grunnskólalaga og leitast við að hafa það leiðarljós í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Í starfsáætlun og í skólanámskrá er fjallað um hvernig þessir þættir koma fram í starfinu og hvaða leiðir á að fara.

Rík áhersla er lögð á köpun, köpunargleði og nemendur gjarnan verðlaunaðir fyrir vandvirkni á þeim vettvangi, bæði varðandi myndsköpun, skreytingar, tónlist og dans.

Á vorin og haustin er reynt að nota umhverfi skólans til kennslu. M.a. fara nemendur og safna gróðri og dýrum til að nota í líffræði og umhverfiskennslu. Á vordögum taka nemendur m.a. þátt í að mála og fúaverja leiktæki, gróðursetja og sinna störfum á sveitabæjum. Leitast er við að nemendur kynnist sinni heimabyggð m.a. náttúru, sögu, atvinnuvegum, auðlindum og nýtingu þeirra í héraði.

Byrjendalæsi hefur verið innleitt á yngsta stigi og þróun er í gangi varðandi spjaldtölvur en allir nemendur frá 5. bekk svo og kennarar hafa slíkar tölvur til umráða. Verkefnið Vinaliðar sem snýr að fjölbreyttara úrvali afþreyingar í frímínútum hefur verið að þróast undanfarin ár. Þá er verkefnið *Heilsueflandi grunnskóli* til staðar og skólinn er einn af Skólum á grænni grein og hefur fengið Grænfánann þrisvar sinnum. Sá þáttur hefur þó verið í dvala að nokkru leyti síðustu ár en í vetur verður lögð meiri vinna í umhverfismálin og þess vænst að skólinn fái Grænfánann enn á ný að ári.

Skólinn er í innleiðingu á *Jákvæðum aga (positive discipline)*. Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Hafa allir starfsmenn farið á námskeið sem lýtur að því.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 14. Stöðugildi almennra starfsmanna eru rúmlega fjögur. Auk skólastjóra starfa við skólann 6 kennarar í samtals rúmlega þremur stöðugildum. Þar af er einn leiðbeinandi sem kennir þrjár kennslustundir á viku. Skólastjóri er sérkennari og sinnir sérkennslu í hluta af sinni kennsluskyldu. Stjórnun leikskóladeildar er hluti af starfi skólastjóra. Að auki eru tveir bílstjórar sem eru verktakar.

Kynjaskipting er þannig að karlmenn eru 50% af kennurum skólans. Af öllum starfsmönnum samanlagt að meðtöldum bílstjórum eru karlmenn 32% og konur 68% miðað við höfðatölu. Stöðugleiki starfsmanna er mikill.

Menntun kennara og sérhæfing nýtist mjög vel í starfi og er algjör grundvöllur fyrir fjölbreytni og grósku í starfinu. Við skólann starfar menntaður íþróttakennari og myndlistarkennari, kennari sem er með sérhæfingu í ensku og upplýsingatækni. Kennari sem hefur farið í sérnám í stærðfræði og dönsku og einn sem hefur sérhægt sig í námi í náttúrufræðum. Auk þess er skólastjóri með framhaldsnám í sérkennslufræðum.

Við leikskóladeildina starfa tveir starfsmenn í rúmlega einu og hálfu stöðugildi auk þess sem 25% af stjórnun skólastjóra fellur undir þann þátt starfsins.

Nemendur

Í Laugargerðisskóla eru 16 nemendur á haustönn 2016. Meðalstærð námshópa er 4–8. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	0	0	3	1	4	1	3	0	2	2
Bekkjardeildir				1			1		1	

Í leikskóladeild eru fimm nemendur.

Hlutfall nemenda í grunnskólanum sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er 6%. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku er 6%. Enginn nemandi stundar nám á framhaldsskólastigi.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikkið tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2010–2015

Nemendafjöldi í prófárgöngum síðustu tvö árin.

	2014	2015	
4. bekkur	1	4	nemendur
7. bekkur	2	0	nemendur
10. bekkur	5	2	nemendur

Þessar tölur um fjölda nemenda koma fram í gögnum sem skólinn sendi Námsmatsstofnun, nú Menntamálastofnun við töku prófanna. Hafa verður í huga þegar fjallað er um árangur á samræmdum könnunarprófum að miklar sveiflur geta verið vegna þess hve árgangar eru fámennir í skólanum.

4. bekkur

Vegna þess hve fáir nemendur eru í prófárgöngum er ekki hægt að fjalla ítarlega um árangur skólans. Athygli vekur að frammistaða er ólík í íslensku og stærðfræði hjá sama árgangi. Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár, 2010–2015 gefur til kynna að frammistaða hafi farið batnandi, þróunarlína stefnir upp. Þátttaka er yfirleitt góð í samræmdum prófum.

7. bekkur

Frammistaða nemenda í 7. bekk sveiflast verulega milli árganga og árgangasveiflu gætir á líkan hátt í íslensku og stærðfræði. Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár, 2010–2015 gefur til kynna að frammistaða sé rétt undir meðaltali. Þátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum er góð.

Framfarir milli 4 og 7. bekkjar

Vegna fámennis eru ekki settar fram framfaratölur nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 4. og 7. bekkjar.

10. bekkur

Frammistaða nemenda í 10. bekk er mjög sveiflukennnd. Árangurssveiflur í íslensku og stærðfræði fylgjast að en enska sker sig úr með allt aðra toppa og lægðir. Árangur nemenda síðustu þrjú ár hefur verið frábær í íslensku, góður í stærðfræði og nú í ár var enskuframmistaða góð.

Samantekin niðurstaða yfir síðastliðin sex ár, 2010–2015 gefur til kynna að frammistaða fari batnandi. Þátttaka nemenda í samræmdum könnunarprófum síðustu tvö ár er góð.

Framfarir nemenda milli 7. og 10. bekkjar

Vegna fámennis eru ekki settar fram framfaratölur nemenda á samræmdum könnunarprófum milli 7. og 10. bekkjar.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2016–2017 er árlegur skólatími 180 dagar. Þar af er kennt þrjú laugardaga, tveir dagar í svokölluðum „smiðjum“ á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum og árshátíð er einnig á laugardegi að ósk foreldra. Vikulegur kennslutími nemenda er lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir því nemendur á yngsta stigi fá 32 og á miðstigi 37 kennslustundir á viku. Aðrir nemendur fá kennslutíma á viku eins og viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Yngstu fjórir árgangarnir og leikskóla-deildin eru fjóra daga í skóla í viku hverri og er það gert í samráði við foreldra og ákvörðun tekin til eins árs í senn og hún lögð fyrir skólanefnd og skólaráð.

Forfallastundir á vorönn 2016 voru samtals 72 og voru allar mannaðar kennurum.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Félags og skólajónustu Snæfellsbæjar og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I – Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjórinn hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans. Menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós í skólastarfinu ásamt metnaði fyrir góðum árangri hvers og eins. Skólastjóri leggur rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra og stefna skólans er skýrt sett fram á heimasíðu og hagsmunaaðilar þekkja hana. Einkunnarorð skólans sem eru traust, virðing og vinátta eru sýnileg í skólanum og skilgreind gildi þeirra í skólanámskrá og starfsáætlun og hvernig þau fléttast inn í allt skólastarf.

Þegar stjórnandi kynnir skólann leggur hann áherslu á sérstöðu hans og leiðarljós í námi og kennslu. Skólinn tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli og er einn af Skólum á grænni grein en sérstaða hans felst einnig í mikilli samkennslu vegna fámennis.

Skólastjóri hvetur kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu en fylgist ekki reglulega með kennslu og veitir endurgjöf.

Styrkleikar

- Skólastjóri leggur rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi.
- Stefna skólans er skýrt sett fram og birt á heimasíðu.
- Einkunnarorð skólans eru sýnileg og allir hagsmunaaðilar þekkja þau.

Tækifæri til umbóta

- Að skólastjóri fari reglulega í kennslustundir og veiti kennurum jafnframt endurgjöf.

Stjórnun stofnunar

Við ráðningu er þess gætt að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun og hafi til að bera þá þekkingu og/eða reynslu sem krafist er í starfinu. Þrátt fyrir fámennið sinna kennarar kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.

Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn og fara fram tvisvar á ári og fram kom í rýni-hópum að skólastjóri veitir starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf.

Þegar nýir starfsmenn koma í skólann er þeim afhent handbók skólans (starfsáætlun) og starfsmanna-stefna auk ýmissa áætlana sem skólinn hefur en ekki er beinlínis til formleg móttökuáætlun. Unnið er eftir almennum reglum um skjalastjórnun en ekki hafa verið settar reglur um upplýsingagjöf um nemendur. Ekki hafa verið settar verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmanna-hópnum sbr. rg.1009/2015 (vinnueftirlit.is) en farið er eftir reglum sem útgefnar eru af Kennarasam-bandi Íslands og eru þær í starfsmannahandbók.

Allar starfslýsingar liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu.

Styrkleikar

- Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári.
- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að verktakar og aðrir sem koma til starfa í skólanum, skrifi undir skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Setja reglur sem varða upplýsingagjöf um nemendur sbr. reglugerð nr. 897/2009.

Faglegt samstarf

Í skólanum ríkir það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt, aðilar ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið. Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti og því hefur verið innleiddur *Jákvæður agi* og fóru allir starfsmenn á námskeið sem að því sneri. Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið sem nær til alls starfsfólks og fundir boðaðir formlega með dagskrá og fundargerðir ritaðar í fundargerðabók.

Það kom þó fram að vegna þess að flestir kennarar eru í hlutastarfi (aðeins einn í 100% utan skólastjórans) getur verið erfitt að finna tíma til að hittast sem heild nema á vikulegum kennara- og/eða starfsmannafundum.

Faglegt samstarf er við aðra grunnskóla á Vesturlandi en þó einkum við Grunnskólann í Borgarnesi en elstu nemendurnir (9. og 10. bekkur) fara þangað einn dag í viku og sinna námi sínu með nemendum þar í sínum aldursflokkum. Kennari fylgir þeim og sinnir kennslu fyrir Grunnskólann í Borgarnesi þann dag.

Tengsl við framhaldsskóla eru mest við Menntaskóla Borgarfjarðar og felast í árlegum fundum skólastjórnenda grunnskóla og menntaskólans. Námsráðgjafi kynnir skólann á hverju vori svo og námsráðgjafi frá Fjölbrautarskólanum á Akranesi. Nemendur í 10. bekk fara í heimsókn í báða skólana á vorönn.

Faglegt samstarf við leikskóla er mjög gott því leikskóladeild er undir sama hatti og grunnskólinn, skólastjóri er yfirmaður beggja skólastiga og leiðir faglegt starf leikskólans.

Styrkleikar

- Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs.
- Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila
- Formlegir fundir eru reglulegir, boðaðir með dagskrá og rituð fundargerð.
- Samskipti við önnur skólastig eru regluleg og skráð.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að meiri hluti starfsmanna sé í fullu starfi til að auðvelda faglegt samstarf og samvinnu.

Skólaþróun

Stöðugt og markvisst er unnið að þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi. Umbótaáætlun skólans liggur fyrir og nær bæði til grunnskóla og leikskóladeildar. Hún byggir á stefnu skólans svo og innra mati á starfinu. Þar eru fyrirferðarmest markmið sem snúa að Heilsueflandi skóla.

Símenntunaráætlun tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans og er í samræmi við áherslur hans. Þar eru fyrst og fremst taldir upp þættir sem starfsmenn skólans sækja í sameiningu en ekki beint hvernig einstaklingar sækja símenntun utan þess. Það kom fram í rýnihópi að kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

Styrkleikar

- Umbótaáætlun nær bæði til leik- og grunnskóla og byggir á stefnu skólans.
- Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.
- Kennarar eru hvattir til að leita leiða til að efla sig í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Að það komi fram í símenntunaráætlun hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun birtir skipurit, skóladagatal og aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla. Hún er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans og er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Þar sem sveitarfélagið hefur ekki sérstaka formlega skólustefnu er ekki hægt að sjá hvort samræmi sé þar á milli.

Skólanámskrá uppfyllir að mestu þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá grunn- og leikskóla en hún er í tveimur hlutum, þ.e. fyrir hvort skólastig. Skólustjóri hefur frumkvæði að reglulegri endurskoðun skólanámskrár en sú vinna hefur nærri eingöngu verið á hans vegum.

Starfsáætlun og skólanámskrá er birt á heimasíðu, að mestu leyti sem heildstæð skjöl en þar vantar þó námsvísa/árganganámskrár. Í námsvísu þarf að koma fram hvernig samfella er milli árganga í öllum fögum og námsefni hvers skólaárs, helstu leiðir í námi og hvernig grunnþættir menntunar birtast í hverju fagi auk námsmats. Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.

Styrkleikar

- Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks.
- Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá kveður á um.

Tækifæri til umbóta

- Að endurskoðun skólanámskrár fari fram með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Vinna að og birta námsvísa/árganganámskrár þar sem sjá má samfellu í öllum fögum frá 1.–10. bekk.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Raunar fá nemendur á yngsta og miðstigi fleiri tíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir eða 32 stundir á viku í stað 30 og 37 kennslustundir í stað 35. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum sem miðast við aldur nemenda og þroska en nemendur í 1.–4. bekk, svo og leikskóladeildin, eru fjóra daga í viku í skólanum. Aðrir nemendur eru fimm daga. Þessi tilhögun er gerð í samvinnu við foreldra og starfsmenn.

Tvisvar á vetri tekur skólinn þátt í svokölluðum Smiðjum á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum í samstarfi við skólana þar. Þá eru nemendur þar á föstudegi, eftir að skóladegi lýkur í Laugargerðisskóla og á laugardegi þar sem í boði eru margs konar námskeið og geta nemendur valið sér viðfangsefni. Þetta er m.a. gert til að auka val nemenda á unglíngastigi og þess má geta að þessar kennslustundir eru viðbót við viðmiðunarstundaskrá.

Styrkleikar

- Nemendur á miðstigi fá fleiri kennslustundir á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.
- Smiðjur á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum auka fjölbreytni í vali nemenda.

Engin tækifæri til umbóta komu fram varðandi þennan þátt

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Það hefur m.a. verið gert með því að innleiða Jákvæðan aga og allir starfsmenn hafa farið á námskeið til að kynna sér það. Sú innleiðing er þó lítt skráð í skjölum skólans en plaköt með gildum þeirrar hugmyndafræði voru sýnileg á vettvangi. Hluti af því verkefni er umbunakerfi sem allir nemendur taka þátt í og snýst um að fá „sólir“ fyrir ákveðin störf eða hegðun, þeim er safnað saman og þegar tilteknum fjölda „sóla“ er náð mega nemendur halda upp á það með sérstökum sólardegi. Á þeim degi ákveða nemendur að hvaða verkefnum er unnið.

Skólareglur voru endurnýjaðar með þátttöku nemenda fyrir tveimur árum en eru ekki sýnilegar í skólaföngum. Þær eru hins vegar tilgreindar í skólanámskrá og viðurlög við agabrotum. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim en almenn forvarnaráætlun sem snýr m.a. að vímu og fíkniefnum, netfíkn og kynferðislegri áreitni er ekki til staðar. Verklagsreglur Laugargerðisskóla um tilkynningaskyldu starfsmanna leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla til barnaverndarnefnda eru til staðar.

Sérstök áætlun um sérkennslu og stuðning er ekki til staðar eða áætlun um kannanir og skimanir. Þó er á fylgiskjali með sjálfsmatskýrslu 2015–2016 upptalning á ýmsum könnunum og skimunum sem skólinn nýtir. En fylgst er vel með þörfum nemenda og gripið inn í þegar sértækan stuðning skortir.

Fyrir liggur móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og einnig móttökuáætlun fyrir nemendur sem koma í leikskóladeildina með fleiri en eitt tungumál. Ekki er til móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir eða nemendur á grunnskólaaldri sem eru með annað móðurmál en íslensku.

Styrkleikar

- Skólareglur eru unnar í samvinnu við nemendur.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir.
- Til er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur og nemendur í leikskóladeild með annað tungumál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Gera skólareglur sýnilegri í kennslustofum/rýmum í skólanum.
- Að áætlanir um sérkennslu og stuðning og skimanir tengdar honum séu til staðar.
- Vinna að almennri forvarnaráætlun.
- Gera innleiðingu Jákvæðs aga meiri skil í skjölum skólans.
- Gera móttökuáætlun vegna nemenda með sérþarfir og fyrir nemendur sem koma í grunnskólann með annað tungumál en íslensku.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð fundar reglulega en þó eru ekki nema einn til tveir fundir á ári. Þá eru allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun lagðar fyrir til umsagnar. Ekki er send út dagskrá fundanna en fundargerð rituð. Fundargerðir ráðsins eru ekki á heimasíðu.

Skólastjóri fundar reglulega með stjórn foreldrafélagsins, ávallt er fundur í skólabyrjun og svo þegar við á yfir skólaárið. Það kom fram í rýnihópi foreldra að þeim finnst þeir hafa mjög góðan aðgang að öllum upplýsingum frá skólanum, nefna m.a. mánaðarbréfin sem eru ítarleg.

Foreldrafulltrúar í skólaráði eru kosnir á fundi foreldrafélagsins og aðrir fulltrúar í skólaráði valdir lýðræðislega af sínum hópi til tveggja ár í senn. Þó eru ávallt elstu nemendur í skólaráði og sitja því ekki í tvö ár eins og reglugerð kveður á um og eru ekki kosnir af sínum félögum. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum m.a. leikhús- og skautuferðum fyrir alla nemendur.

Styrkleikar

- Allar helstu ákvarðanir sem tengjast skólahaldi og stefnu skólans eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar.
- Góð samskipti og góð upplýsingamiðlun er milli heimila og skóla.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn eins og reglugerð kveður á um, með lýðræðislegri kosningu.
- Huga að því að skólaráð setji sér vinnureglur.
- Birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Allt samstarf heimila og skóla hefur það yfirlýsta markmið að stuðla að betri skóla og aukinni velferð nemenda. Lögð er rækt við að byggja upp traust foreldra á skólastarfinu. Skólastjóri og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim á árlegum námskynningum að hausti.

Foreldrar upplifa sig velkomna í skólann og fá tækifæri til að taka þátt í starfinu þar, þeir mæta á hina ýmsu viðburði. Einnig eru þeir í gæslu á svokölluðum „löngum dögum“ en þá eru nemendur í 5.-10. bekk áfram í skólanum eftir hefðbundinn skóladag og taka þátt í alls kyns tómsundastarfi.

Með árlegum könnunum er leitað eftir viðhorfi foreldra til skólastarfsins og upplýsingamiðlun til foreldra um árangur í námi er reglubundin og leiðbeinandi. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári en þau eru þó ekki merkt inn á skóladagatalið. Samskipti við foreldra eru á jafnréttisgrundvelli og einkennast af gagnkvæmri virðingu að mati viðmælenda.

Ýmsar hagnýtar upplýsingar eru á heimasíðu skólans fyrir utan skólanámskrá og starfsáætlun. Hún er þó ekki mjög aðgengileg til leitar.

Styrkleikar

- Samskipti heimila og skóla einkennast af gagnkvæmri virðingu.
- Foreldrar taka þátt í skólastarfinu, bæði með komu sinni á viðburði og gæslu þegar þarf.
- Reglubundnar upplýsingar eru sendar frá skóla m.a. í mánaðarbréfum.

Tækifæri til umbóta

- Gera heimasíðuna aðgengilegri fyrir alla hagsmunaaðila.
- Gera grein fyrir á skóladagatali hvenær foreldraviðtöl eru.

Svið II – Nám og kennsla

Í Laugargerðisskóla starfa nemendur og starfsfólk undir einkunnarorðunum: Traust – virðing – vinátta, þetta kemur skýrt fram í skólanámskrá. Einnig kemur fram að leitast er við að hafa grunnþættina læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun að leiðarljósi í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Efnisval og inntak náms, kennslu, leiks og skólabragur mótast af þessum grunnþáttum.

Laugargerðisskóli tileinkar sér sömu framtíðarsýn og skólar í Borgarbyggð. Framtíðarsýn þeirra er: „að skólar sveitarfélagsins skulu vera í fremstu röð hvað varðar menntun starfsmanna, gæði náms og aðstöðu nemenda og starfsmanna. Menntun og annað skólastarf í sveitarfélaginu öllu skal bera vott um metnað, vinnusemi og vellíðan í öruggu og heilbrigðu umhverfi“.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Laugargerðisskóli starfar sem skóli án aðgreiningar – skóli margbreytileikans segir í skólanámskrá og það kemur einnig fram hjá viðmælendum.

Almennur hluti skólanámskrár er birtur á heimasíðu skólans og uppfyllir að mestu þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Eiginlegir námsvísar liggja ekki fyrir. Gerð er grein fyrir grunnþáttum aðalnámskrár í almennum hluta skólanámskrárinnar en vantar að sýna hvernig þeir tengjast námsgreinum.

Skólanámskráin var unnin skólaárið 2012 og endurskoðuð 2014 að frumkvæði skólastjóra. Starfsmenn tóku þátt í endurskoðun hennar en ekki foreldrar eða nemendur.

Að mati viðmælanda er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda innan skóla og utan. Fylgst er með árangri þeirra og unnið úr niðurstöðum námsmats með það að markmiði að efla árangur einstakra nemenda.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá kemur fram að skólinn starfar sem „skóli margbreytileikans“.
- Gerð er grein fyrir grunnþáttum aðalnámskrár í almennum hluta skólanámskrárinnar.
- Vakinn er athygli á fjölbreyttum árangri nemenda innan skóla og utan.

Tækifæri til umbóta

- Sýna þarf í námsvísam/námsáætlunum hvernig grunnþættir tengjast námi í einstökum greinum.
- Huga að því við endurskoðun skólanámskrár að allir hagsmunaaðilar komi þar að.

Skipulag náms og námsumhverfi

Námsvísar eða námskrár fyrir námsgreinar og árganga liggja ekki fyrir en á heimasíðu skólans birtast námsmarkmið fyrir stöku árganga og námsgreinar, sömuleiðis birtast námsáætlanir með færniviðmiðum úr aðalnámskrá. Engar upplýsingar eru birtar fyrir samfélags- eða náttúrufræðigreinar. Ekki fæst því heildarmynd af námi og kennslu í grunnskólanum. Námsáætlanir eru birtar foreldrum og nemendum í Mentor en birtast ekki á heimasíðu. Foreldrar geta því ekki séð samfellu náms milli ára heldur sjá aðeins markmið fyrir eina önn í senn. Áhugasamir foreldrar utan skólans hafa þannig ekki aðgang að námskrám skólans.

Skólinn er samrekinur leik- og grunnskóli og er samstarf og samfella milli skólastiganna gott. Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms. Allir nemendur í 5. bekk og eldri fá spjaldtölvur til eigin nota í námi sínu.

Námsumhverfi er vel nýtt til náms og nemendur vinna verkefni um heimabyggð sína. Tengsl við grenndarsamfélagið eru töluverð og fyrirtæki í grenndinni styðja vel við skólann.

Nemendasamtöl eru ekki fastur liður í skólastarfinu hjá öllum kennurum en litlir námshópar tryggja að sínu leyti mikil tengsl nemenda og kennara.

Á hverju vori eru heimavordagar þar sem nemendur geta valið að vera heima eða á næsta bæ í verkefnum og vinnu, þau hafa skrifað um hesta eða bíla, segir í rýnihópi foreldra.

Heimanám hjá yngstu nemendum er fyrst og fremst lestur, eldri nemendur fá vikuáætlun um heimanám. Að mati foreldra er heimanám „hæfilegt heilt yfir og svo er hægt að tala við kennarann ef eitthvað er“.

Val nemenda á unglingastigi er að hluta til bundið við viðbótartíma í smíði, íþróttum og bóklegum greinum. Nemendur forgangsraða í könnun á vorin þeim greinum sem þeir hafa áhuga á. Einn dag fara nemendur í 9. og 10. bekk í Grunnskóla Borgarness og taka þátt í námi jafnaldra nemenda þar og fá 60 mínútna valtíma. Einnig taka þeir þátt í svokölluðum smiðjum með nemendum úr Borgarbyggð tvisvar á vetri í heilan dag. Þannig nær val þeirra viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Styrkleikar

- Skólinn er samrekin leik- og grunnskóli og samstarf og samfella milli skólastiganna er gott.
- Skólastofur eru vel útbúnar námsgögnum og umhverfi almennt hvetjandi til náms.
- Allir nemendur í 5. bekk og eldri fá spjaldtölvur til eigin nota í námi sínu.
- Tengsl við grenndarsamfélagið eru töluverð og fyrirtæki í grenndinni styðja vel við skólann.
- Að mati foreldra í rýnihópi er heimanám hæfilegt.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að ljúka sem fyrst gerð námsvísa fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu í námi nemenda frá upphafi til loka grunnskólanáms.
- Koma þarf á reglulegum, formlegum nemendasamtölum hjá öllum kennurum.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og voru um 72% stunda metnar góðar eða frábærar. Stundirnar voru flestar vel undirbúnar og vel skipulagðar og tími vel nýttur. Í um 40% stunda sem heimsóttar voru unnu nemendur saman að verkefnum og í 40% stundanna notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu.

Kennarar segjast reyna að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti og segja að í samkenndlunni sé mikil einstaklingsmiðun. Fræðandi kennsluhættir sáust í flestum stundum og voru nemendur að fást við sama verkefni á sama tíma. Viðfangsefni eru miskrefjandi að mati nemenda í rýnihópi „stundum ótrúlega létt og stundum of þung. Það fer eftir greinum...“, segja þeir.

Viðfangsefni stundarinnar var í öllum tilvikum vel kynnt en markmið sjaldnar tilgreind, þ.e. hverju nemendur eiga að hafa náð tökum á í lok stundarinnar. Endurgjöf í þeim stundum sem heimsóttar voru fólst oftast í því að kennari gekk á milli nemenda og aðstoðaði og leiðbeindi þeim um lausn verkefna. Umræður og skoðanaskipti og áhersla á gagnrýna hugsun virðast ekki vera mikill hluti af námi og kennslu miðað við vettvangsathuganir.

Í þeim námsáætlunum sem liggja fyrir eru birt hæfniviðmið sem verða lögð til grundvallar námsmati en lítil umfjöllun er um kennsluaðferðir.

List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði, þær eru á stundaskrá nemenda, alls 7 tíma á viku á yngsta stigi og 8 tíma á miðstigi. Smíðar eru valgrein í unglingadeild. Tónlistarkennari kemur í skólann og kennir tónmennt á yngsta og miðstigi og sér um tónlistarkennslu fyrir nemendur sem stunda hljóðfæranám. Allir nemendur fá íþróttatíma fjórum sinnum í viku, þar af sund einn tíma en aðstaða til íþróttakennslu er góð í sérstæðu íþróttahúsi með sundlaug.

Styrkleikar

- Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu í vettvangsathugunum og voru um 72% stunda metnar góðar eða frábærar.
- Í 40% stunda sem heimsóttar voru notuðu nemendur upplýsingatækni í námi sínu.
- List- og verkgreinar fá aukinn tíma á stundaskrá nemenda.
- Allir nemendur fá íþróttatíma fjórum sinnum í viku, þar af sund einn tíma.
- Í þeim námsáætlunum sem liggja fyrir eru birt hæfniviðmið sem verða lögð til grundvallar námsmati.

Tækifæri til umbóta

- Tilgreina alltaf markmið námsins, þ.e. hverju nemendur eiga að hafa náð tókum á í lok stundarinnar.
- Leggja meiri áherslu á umræður og skoðanaskipti í námi og á gagnrýna hugsun nemenda.
- Verkefni nemenda séu ávallt námslega krefjandi.

Námshættir og námsvitund

Áhugasviðsval var í boði fyrir unglingadeild en ekki í vetur þar sem það fellur inn í þann tíma sem nemendur heimsækja grunnskólann í Borgarnesi. Valtímar eru á stundaskrá nemenda á yngsta og miðstigi í lok dags í 20–60 mínútur mismikið eftir árgöngum. Nemendur geta sótt hljóðfærakennslu á skólatíma.

Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum skólans og nemendum er kennt að nýta rafrænt námsefni og námsumhverfi. Í rýnihópi nefna nemendur smíði, sund og íþróttir sem skemmtilegar námsgreinar. Erfiðast nefna þau samfélagsfræði og stærðfræði. Nemendum í rýnihópi finnst best að læra í hópi, „ef ég og vinkona mín erum saman þá lærum við best“.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna hver að sínu verkefni út frá fyrirmælum kennara eða út frá tímaplani/áætlun sem þau fá frá kennara. Nemendur gera ekki mikið af því að velja viðfangsefni eða námsstíl eða meta eigið nám en sjálfsmat hefur þó verið tekið fyrir í ákveðnum verkefnum að sögn kennara.

Styrkleikar

- Valtímar eru á stundaskrá nemenda á yngsta og miðstigi í lok dags.
- Nemendur geta sótt hljóðfærakennslu á skólatíma.
- Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum skólans og nemendum er kennt að nýta rafrænt námsefni og námsumhverfi.

Tækifæri til umbóta

- Auka tækifæri nemenda til að nýta áhugasvið sitt til náms.
- Nemendur geti í auknum mæli valið sér viðfangsefni eða námsstíl.

Bátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur í 6.–10. bekk kjósa fulltrúa sína í stjórn nemendafélagsins. Nemendafélagið skipuleggur svokallaða langa daga en þá er félagsstarf fyrir miðstig og unglingastig eftir skólatíma. Nemendur í rýnihópi segjast geta haft áhrif á starf nemendafélagsins, „það er hlustað á aðra líka“, segir einn þeirra. Einn af kennurum skólans vinnur með nemendum í stjórninni. Nemendafélagið hefur staðið fyrir fjáröflun og keypt tæki fyrir skólann. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði og eru þeir tilnefndir en ekki kosnir. Nemendur sitja ekki alla fundi ráðsins.

Bekkjarmyndir hafa ekki verið haldnir reglulega í vetur, segja bæði kennarar og nemendur í rýnihópum, en voru áður. Nú eru umræðufundir í unglingadeild, þar gefst nemendum tækifæri að ræða mál sem snerta þá og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ekki er til skráð verklag við að afla sjónarmiða nemenda en þeir sem voru í rýnihópi telja að þeir gætu haft áhrif á skólastarfið.

Skólinn er lítill og flestir viðmælendur nefna það sem styrkleika, allir þekkjast og samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Styrkleikar

- Nemendafélag er virkt og fulltrúar kosnir lýðræðislegri kosningu.
- Nemendafélagið hefur staðið fyrir fjáröflun og keypt tæki fyrir skólann.
- Jákvæð samskipti einkenna skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Móta verklag til að afla sjónarmiða nemenda.
- Koma aftur á reglulegum bekkjarmyndum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.
- Nemendur séu fullgildir þátttakendur í skólaráði óháð umfjöllunarefni.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er góður í kennslustundum að mati nemenda sem rætt var við.

Markmið og hæfniviðmið eru skýrt fram sett í þeim námsáætlunum sem liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu en áætlanir vantar fyrir of margar námsgreinar og aldursþóp til að nemendum geti verið ljós heildarmarkmið náms síns.

Nemendur fá tækifæri til að meta eigin stöðu í námi og setja sér markmið í frammistöðumati sem þeir fylla inn í fyrir foreldraviðtöl. Að sögn foreldra í rýnihópi taka þeir ekki þátt í frammistöðumatinu en þeir fylgjast vel með námi barna sinna í námskynningum og foreldraviðtölum.

Styrkleikar

- Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er góður í kennslustundum að mati nemenda.
- Nemendur fá tækifæri til að meta eigin stöðu í námi og setja sér markmið í frammistöðumati.
- Foreldrar fylgjast vel með námi barna sinna á námskynningum og í foreldraviðtölum.

Tækifæri til umbóta

- Gera skýrari grein fyrir markmiðum náms í heild sinni.
- Þjálfar nemendur í að setja sér eigin markmið í námi.
- Auka þátttöku foreldra í setningu námsmarkmiða fyrir barn sitt.
- Þjálfar nemendur enn frekar í mati á eigin námi.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Skólinn er án aðgreiningar að mati viðmælenda, komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi og nemendur af erlendum uppruna hafa fengið kennslu í íslensku sem öðru máli og boðið er upp á símatúlkun í foreldraviðtölum.

Allir fá tækifæri til að vera með segja kennarar í rýnihópi, það er „reynt að taka nemendur með annað móðurmál með eins og hægt er“. Í þeim námsáætlunum sem fyrir liggja er ekki gerð grein fyrir hvernig fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt.

Stuðningur við nám

Yfirlit yfir skimanir og kannanir sem lagðar eru fyrir er birt í sjálfsmatsskýrslu skólans en ekki kemur þar fram hvernig brugðist skal við niðurstöðum.

Stuðningur er veittur sem mest inni í bekk, skólustjóri sem er sérkennari veitir kennurum ráð til að nemandi fái námsefni þar sem hann er staddur. Bráðgerir nemendur fá að halda sínum hraða og geta útskrifast ári fyrir eins og dæmi eru um eða tekið framhaldsskólaáfangu í fjarnámi.

Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa. Námskrárnar eru kynntar foreldrum og þeir fá tækifæri til að setja fram óskir sínar um nám og líðan barns síns í skólanum. Þátttaka þeirra í námskrárgerðinni virðist að öðru leyti takmörkuð og ekki kemur fram að nemendur taki þátt í markmiðasetningu.

Styrkleikar

- Skólinn er án aðgreiningar að mati viðmælenda, komið er til móts við nemendur sem hafa sérþarfir í námi.
- Allir nemendur fá tækifæri til að taka þátt í skólastarfi.
- Stuðningur við nám er veittur sem mest inni í bekk, kennarar fá ráðgjöf um stuðning.
- Skimanir og kannanir eru lagðar fyrir nemendur og yfirlit er birt í sjálfsmatsskýrslu.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa.

Tækifæri til umbóta

- Í námsvísunum komi fram hvernig fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt.
- Gera grein fyrir hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og greininga.
- Auka þátttöku foreldra í setningu námsmarkmiða og gerð einstaklingsnámskrár.

Uppeldis- og menntastarf í leikskóladeild Laugargerðisskóla

Viðmiðum um uppeldis- og menntastarf í leikskóla er skipt í sex undirkafla: Skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshættir, leikur og nám – lýðræði jafnrétti og þátttaka barna, námsvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans og mat á námi og velferð barna.

Skipulag náms og námsaðstæður

Leikskóladeild Laugargerðisskóla er til húsa í hluta skólahússins sem áður var íbúð starfsmanns. Sérinnangangur er í deildina, ekki er innangengt í skólann en stutt á milli innganga. Útisvæði er afgirt og útbúið fjölbreyttum leiktækjum. Útivist/leikur er á stundaskrá barnanna alla daga í 80 mínútur og í lok dags í 20 mínútur. Þrjú herbergi eru til umráða fyrir leikskólustarfið, eitt af því er hvíldarherbergi barnanna. Leikskólabörnin fara í íþróttahúsið í íþróttir/hreyfingu og þar er einnig sundlaug. Íþróttir eru á stundaskrá tvo daga í viku. Svigrúm er gott til að mæta hreyfiþörf barna bæði í útivist og í íþróttum.

Deildin er vel útbúin af bókum og spilum og náms- og kennslugögn eru aðgengileg í sérstöku herbergi. Umhverfið er aðlagð að börnunum, borð og stólar sem henta þeim og lágar trönur/flettitafla til að teikna á. Sjá má samskiptaboðorð á vegg þar sem starfsfólk er hvatt til vinsamlegra og jákvæðra samskipta.

Miðað við stundaskrá er nægur tími hugsaður daglega fyrir frjálsan leik, sérstakt kubbaherbergi er fyrir leikinn. Hluti barnanna er með annað móðurmál en íslensku en þess sér lítinn stað í athöfnum þeirra eða umhverfi að fram fari þjálfun í íslensku sem öðru máli.

Dagskipulag liggur fyrir og skólastjóri skipuleggur faglegt starf á leikskóladeildinni og sér um kennslu forskólabarna sem fer fram í húsnæði grunnskólans. Starfsfólk hefur sína vinnuaðstöðu í húsnæði grunnskólans og þar fer einnig fram sérkennsla og stuðningur við börnin.

Uppeldi menntun og starfshættir

Í vettvangsathugunum skiptust á verkefni tengd læsi, stafavinna, söngur og spjall og svo frjáls leikur. Spjallið tengist heimameningu barnanna og þeim störfum sem þar eru unnin. Andrúmsloft er afslappað og samskipti barna og starfsmanna jákvæð og notaleg.

Starfsmenn stýra verkefnum og börnin vinna sama verkefnið og hafa ekki val en ein stúlkan fær að skipta um viðfangsefni áður en hún hefur lokið því sem hún vann að. Samkvæmt stundaskrá er val tími eftir hádegi.

Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna.

Börnin eru glöð og áhugasöm og virðist líða vel og andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og umhyggju og gagnkvæmri virðingu barna og starfsmanna. Börnin hafa mismikið úthald í verkefni miðað við það sem sást í vettvangsathugun, þau eru hvött til að tjá sig en standa ekki öll jafnfætis í umræðu vegna takmarkaðs orðaforða. Þrjá daga í viku fara 5 ára börnin í forskólakennslu inni í skólanum í eina kennslustund í senn.

Í skólanámskrá leikskólans er mikil áhersla lögð á lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfinu. Ekki sést þó í vettvangsathugunum hvort börnin hafa tækifæri til að hafa áhrif á skipulag og viðfangsefni eða hvaða leiðir eru farnar til að fá fram hugmyndir barnanna og raddir barna sem ekki hafa öðlast næga færni í íslensku.

Námssvið leikskólans

Í námskrá leikskólans kemur fram að námssviðin *Læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning* eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt starf og lífsleikni barnanna, segir þar. Í viðtali kemur fram að gerð er áætlun eða skipulag fyrir hvern mánuð, ákveðið þema og áherslur sem skólastjóri mótar í samstarfi við starfsmann sem leiðir daglegt starf.

Markvisst er unnið með læsi og börnin hvött til að segja frá. Skólinn er heilsueflandi skóli með áherslu á heilbrigði og sjálfbærni, leikskólabörnin taka t.d. þátt í að tína rusl á vorin, þau endurnýta umslög og nýta pappírinn vel, segir skólastjóri.

Ekki er mikið ritmál sýnilegt og verkefni barnanna eru lítið áberandi á veggjum. Á vegg eru sjónræn fyrirsmáli um dagskrá en þau eru ekki í notkun þegar vettvangsathugun fer fram.

Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að sérkennslan mótast út frá þeim þörfum sem fyrir eru. Hluti barnahópsins er af erlendum uppruna. Í móttökuáætlun leikskólans fyrir börn með fleiri en eitt tungumál eru greinargóðar lýsingar á vinnubrögðum en ekki kemur skýrt fram í viðtölum eða vettvangsat-hugun hvernig unnið er að máltöku eða að því að auka orðaforða þeirra.

Reyndur leikskólastarfsmaður stýrir daglegu starfi og skipuleggur í samstarfi við skólustjóra. Skólustjóri annast sérkennslu og samstarf við foreldra barna með sérþarfir.

Skólinn nýtur þjónustu frá Skólaþjónustu Snæfellinga og m.a. hefur talmeinafræðingur veitt ráðgjöf til starfsfólks í leikskólanum.

Mat á námi og velferð barna

Í skólanámskrá kemur fram að mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingum er safnað á sérstakt eyðublað sem notað er í foreldraviðtölum.

Að sögn skólustjóra er árangur stuðnings metinn reglulega. Málþroskapróf er lagt fyrir 4-5 ára börn að vori. Foreldraviðtöl eru regluleg.

Í nýlegri foreldrakönnun fyrir leikskólann kemur fram ánægja þeirra með leikskólastarfið og í rýnihópi er sagt „börnin eru allra“ og leikskólastarfsmaðurinn eins og „amma allra í sveitinni“.

Styrkleikar

- Svigrúm er gott til að mæta hreyfiþörf barna bæði í útivist og í íþróttum.
- Deildin er vel útbúin af bókum og spilum og náms- og kennslugögn eru aðgengileg.
- Börnin eru glöð og áhugasöm og virðist líða vel og andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og umhyggju og gagnkvæmri virðingu barna og starfsmanna.
- Í námskrá leikskólans kemur fram að námssviðin Læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning eru undirstaða náms barnanna.
- Markvisst er unnið með læsi og börnin hvött til að segja frá.
- Fimm ára börnin fá forskólakennslu þrjár stundir á viku.
- Foreldrar sem svara foreldrakönnun leikskólans eru mjög ánægðir með starfið.

Tækifæri til umbóta

- Gera sýnilegra hvernig unnið er með margbreytileika í barnahópnum.
- Hugsa að vali barnanna um viðfangsefni og tækifærum þeirra til að hafa áhrif á skipulag.
- Gera ritmál sýnilegra á deildinni.
- Leita leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa öðlast næga færni í íslensku.
- Gera sýnilegra að öllum námssviðum leikskólans er sinnt í daglegu starfi.
- Halda áfram að leita leiða til að uppfylla þær skyldur sem lög kveða á um varðandi tilskilda menntun leikskólakennara.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár er til staðar en þar koma þó fram fáir þættir ef skoðuð er skýrsla um innra mat liðins árs og ekki hvernig skólinn nýtir ytra mat í sínu innra mati. Í greinargerð um innra mat skólans 2015–2016 er áætlun til ársins 2018. Þar er hægt að sjá að allir helstu þættir skólastarfsins eru metnir með notkun Gæðagreina, sem er hluti af innra matinu. Sérstök áætlun um umbætur og þróunarstarf tengt Heilsueflandi grunnskóla nær til árána 2014–2018.

Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer ekki fram reglulega en skólastjóri lítur þó oft inn í kennslustundir og tekur stundum á kennarafundum upp ýmis mál sem hann telur til hagsbóta í kennslunni.

Í gögnum um innra mat kemur ekki fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats nema í einstaka verkefnum og í áætlun vegna heilsueflandi skóla er „stýrihópur“ sem ber ábyrgð en ekki kemur fram hverjir eru í þeim hópi.

Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

Innra mat er markmiðsbundið

Í Gæðagreinum, sem skólinn nýtir í sitt innra mat, er gerð grein fyrir hvernig markmið skólans eru metin. Á sex ára tímabili, þ.e. frá því að skólinn ákvað að nýta það matstæki, hefur verið farið yfir alla helstu þætti skólanámskrár. Þar eru skilgreindar leiðir að markmiðum og verkferlar. Viðmið eru einfaldlega þau að allir þættir nái einkunninni fjórir af sex mögulegum. Tímasetningar í langtímaáætlun eru bara skólaárið og ekki kemur fram hver sé ábyrgðaraðili hvers þema.

Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst. Þar kemur einnig fram hver var ábyrgur fyrir hverjum þætti innra mats á liðnu ári.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Kannanir um líðan nemenda eru sendar út reglulega, einnig foreldrakannanir þar sem m.a. er skoðuð afstaða foreldra til fjögurra daga kennsluviku hjá yngstu nemendum. Tekin eru fyrir ákveðin þemu skólanámskrár með Gæðagreini á hverju ári en það er unnið af öllum starfsmönnum skólans.

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar á ári og þar koma fram ábendingar og upplýsingar sem síðan eru nýttar í innra mat. Þá eru niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmdum prófum nýttar í innra mat skólans.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Á kennara- og starfsmannafundum er rætt um forgangsröðun í innra mati. Ekki er starfandi formlegt matsteymi sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild að svo sem foreldrar og nemendur. Við öflun gagna er hins vegar leitað eftir sjónarmiðum allra sem hlut eiga að máli.

Þegar niðurstöður liggja fyrir eru þær kynntar á heimasíðu skólans, svo sem niðurstöður kannana og einnig geta allir hagsmunaaðilar lesið um innra matið í viðamikilli skýrslu skólans sem gerð er árlega. Fulltrúum í skólaráði eru kynntar niðurstöður, að þeirra sögn, en vegna fárra funda á ári er hæpið að allar niðurstöður séu kynntar þar.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn nýtir í innra mat sitt.
- Í langtímaáætlun sést að allir helstu þættir skólastarfs eru metnir á 6 ára tímabili.
- Skólinn skilgreinir viðmið við hvern þátt í Gæðagreini.
- Fjölbreyttar leiðir eru nýttar til að afla gagna.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.

Tækifæri til umbóta

- Gera áætlun um innra mat skólans á yfirstandandi skólaári sem nær til allra þátta sem skólinn nýtir í sínu innra mati.
- Skipa matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa svo þeir geti tekið þátt í forgangsröðun, ákveði áherslur verkefna og hvaða leiðir á að fara.
- Kynna formlega allar niðurstöður innra mats þ.m.t. fyrir nemendum.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Greinargerðir um innra mat eru birtar á heimasíðu skólans, þar koma fram grundvallarupplýsingar um innra matið. Þar eru líka niðurstöður kannana sem nemendur og foreldrar hafa tekið þátt í. Þá er þar líka að finna umbóta- og þróunaráætlun, bæði fyrir leik- og grunnskóla í tilteknum þáttum.

Í greinargerð um innra mat liðins árs er listað upp það sem gert hefur verið og einnig það sem ekki hefur náðst eða þarf að huga að áfram. Þegar umbótaáætlun skólans er skoðuð ber greinargerðinni og umbótaáætlun ekki saman að öllu leyti.

Innra mat er umbótamiðað

Umbóta- og þróunaráætlun er í samræmi við ákvarðanir um að huga sérstaklega að þáttum í heilsueflandi skóla og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta sem komið hafa fram í könnunum og samtölum. Þar eru þó ekki tilgreindar markvissar aðgerðir varðandi þau markmið sem ekki náðust á fyrra skólaári að öllu leyti.

Það kom fram í samtölum í rýnihópum að í þeirri nánd sem er í skólasamfélaginu sé brugðist við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snú ekki beint að markmiðum sem metin hafa verið.

Umbótaáætlun er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir þeim þáttum sem dregnir eru þar upp, þar er líka tilgreint hvenær meta á árangur aðgerða. Bæði starfsfólk og foreldrar gátu á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Allar upplýsingar um innra mat skólans eru birtar á heimasíðu.
- Greinargerðir um innra mat eru skýrt fram settar.
- Umbótaáætlun er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila og hvenær meta á árangur aðgerða.

Tækifæri til umbóta

- Hafa samræmi milli niðurstöðu innra mat liðins árs og umbótaáætlunar yfirstandandi skólaárs.

Svið IV – Mannauður

Viðmiðum um mannauð er skipt í fjóra undirkafla: Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun. Fjallað er sameiginlega um mannauð leikskóla-deildar og grunnskóla og stuðst við viðmið um gæði sem mótuð voru í samstarfi Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntamálastofnunar.

Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

Í rýnihópum og viðtölum kemur fram að starfsandi er góður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni. Starfsfólk hefur sameinast um gildin: Traust – virðing – vinátta og þau eru sýnileg í skólanum og skólabragur er jákvæður. Stöðugleiki er í starfsmannahópnum. Ekki er starfsmannafélag við skólann en starfandi er skemmtinefnd sem sér um að skipuleggja viðburði með þátttöku allra. Mótuð hefur verið starfsmannastefna fyrir skólann, þar er eitt af markmiðunum að *haga stjórnun og vinnutilhögun þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín*.

Vinnuaðstaðan er „þokkaleg“, segir í rýnihópi. Að mati skólastjóra eiga allir að hafa aðgang að þeim gögnum og tækjum sem þeir þurfa og netaðgangur er góður, starfsmenn í rýnihópum staðfesta þetta. Skólastjóri greinir frá því að ýmislegt hafi verið unnið til að endurbæta skólahúsið frá því hann tók við. Vegna samnýtingar hússins með sumarhótelu er þó erfitt að finna tíma fyrir nauðsynlegt viðhald.

Viðhorf til stjórnunar

Aðgengi að skólastjóra er gott að mati viðmælenda og starfsmenn segjast fá ráðgjöf og stuðning frá honum.

Lögð er áhersla á að allir taki að einhverju leyti þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku og skólastjóri virkjar starfsmenn til þátttöku í innra mati. Starfsfólk segist fá hrós og hvatningu frá skólastjóra.

Samstarf og upplýsingamiðlun

Samstarf er ágætt, segir í rýnihópi kennara og fram kemur að skólastjóri hefur sérstaklega hvatt til samstarfs. Þar sem skólinn er lítill eru kennarar einangraðir faglega, þ.e. eru einir að skipuleggja sína grein og gera því lítið af því að deila þekkingu sinni með reglulegum hætti. Samábyrgð er ríkjandi gagnvart nemendahópnum enda skólinn fámennur og allir tengjast og þekkjast meira eða minna.

Almennt er starfsfólk ánægt með upplýsingamiðlun þó „stundum gleymist eitthvað“. Nýr starfsmaður segist hafa fengið þær upplýsingar sem hann þurfti. Nefnd eru vikubréf og mánaðarbréf með upplýsingum um það sem er á döfinni og þau eru sett upp á töflu. Skólastjóri leggur áherslu á samábyrgð allra við að miðla upplýsingum.

Styrkleikar

- Starfsandi er góður, starfsfólki líður almennt vel í vinnunni og skólabragur er jákvæður.
- Í starfsmannastefnu er eitt af markmiðunum að *haga stjórnun og vinnutilhögun þannig að hæfileikar, frumkvæði og dugnaður hvers starfsmanns fái notið sín*.
- Starfsmenn hafa aðgang að gögnum og tækjum sem þeir þurfa og netaðgangur er góður.
- Aðgengi að skólastjóra er gott og starfsfólk segist fá hrós og hvatningu.
- Skólastjóri hefur sérstaklega hvatt kennara til aukins samstarfs.

Tækifæri til umbóta

- Vinna áfram að endurbótum húsnaðis og vinnuaðstöðu kennara.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Laugargerðisskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Einkunnarorðin *traust, virðing og vinátta* eru sýnileg í starfi skólans og samskiptum innan hans. Sérstaklega er hugað að því að nemendur kunni skil á sínu nærsamfélagi og beri virðingu fyrir umhverfi sínu.

Styrkleikar í stjórnun

Skólastjóri leggur rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Stefna skólans er skýrt fram sett í skólanámskrá og allir hagsmunaaðilar þekkja hana. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í skólanum og *Jákvæður agi* hefur verið innleiddur sem styrkir skólann í því að hafa góðan skólabrag.

Skólanámskrá og starfsáætlun uppfylla að mestu þau viðmið sem aðalnámskrá kveður á um og allar helstu ákvarðanir og stefnur skólans eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Nemendur á yngsta- og miðstigi fá fleiri kennslustundir á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir.

Samskipti heimila og skóla einkennast af gagnkvæmri virðingu og upplýsingamiðlun er góð að mati hagsmunaaðila. Foreldrar taka þátt í skólastarfinu á ýmsan hátt, bæði með mætingu á hina ýmsu viðburði og einnig til gæslu á „löngum dögum“ þegar nemendur eru við tómsundaiðkun.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Setja reglur sem varða upplýsingagjöf um nemendur sbr. reglugerð nr. 897/2009.
- Hugsa að því að meiri hluti starfsmanna sé í fullu starfi til að auðvelda samstarf og samvinnu.
- Að endurskoðun skólanámskrár fari fram með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Gera skólareglur sýnilegri í kennslustofum/rýmum í skólanum.
- Að áætlanir um sérkennslu og stuðning og skimanir tengdar honum séu til staðar.
- Vinna að almennri forvarnaráætlun.
- Gera innleiðingu Jákvæðs aga meiri skil í skjölum skólans.
- Kjósa nemendur í skólaráð til tveggja ára í senn og birta fundargerðir þess á heimasíðu skólans.
- Gera heimasíðuna aðgengilegri fyrir alla hagsmunaaðila.

Styrkleikar í námi og kennslu

Meirihluti kennslustunda voru metnar góðar eða frábærar. Upplýsingamennt er kennd í öllum árgöngum, nemendum er kennt að nýta rafrænt námsefni og námsumhverfi og nemendur í 5. bekk og eldri fá spjaldtölvur til eigin nota. Nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra og vinnufriður er góður í kennslustundum. Nemendur fá aukinn tíma í íþróttum og list- og verkgreinum og valttímar eru á stundaskrá nemenda á yngsta og miðstigi auk þess sem unglingar fá tiltölulega mikið val miðað við stærð skólans. Skólinn er án aðgreiningar og gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þess þurfa.

Tækifæri til umbóta

- Mikilvægt er að ljúka sem fyrst gerð námsvísa fyrir allar námsgreinar sem sýna samfellu í námi nemenda frá upphafi til loka grunnskólanáms.
- Leggja meiri áherslu á umræður og skoðanaskipti í námi, á gagnrýna hugsun nemenda og að verkefni nemenda séu ávallt námslega krefjandi.
- Auka tækifæri nemenda til að nýta áhugasvið sitt til náms og nemendur geti í auknum mæli valið sér viðfangsefni eða námsstíl.
- Koma aftur á reglulegum bekkjarfundum þar sem nemendur fá tækifæri til að koma á framfæri sínum sjónarmiðum.
- Þjálfarar nemendur í að setja sér eigin markmið í námi og auka þátttöku foreldra í setningu námsmarkmiða fyrir barn sitt.

Styrkleikar í uppeldis- og menntastarfi leikskóla

Leikskóladeildin er vel útbúin af bókum og spilum og náms- og kennslugögn eru aðgengileg í sérstöku herbergi. Útisvæði er afgirt og útbúið fjölbreyttum leiktækjum. Svigrúm er gott til að mæta hreyfipörf barna bæði í útivist og í íþróttum. Markvisst er unnið með læsi og börnin hvött til að segja frá. Börnin eru glöð og áhugasöm og virðist líða vel og andrúmsloftið einkennist af jákvæðni og umhyggju og gagnkvæmri virðingu barna og starfsmanna. Þrjá daga í viku fara 5 ára börnin í forskólakennslu inni í skólanum í eina kennslustund.

Árangur stuðnings er metinn reglulega og málþroskapróf er lagt fyrir 4–5 ára börn að vori. Í nýlegri foreldrakönnun fyrir leikskólann kemur fram ánægja þeirra með leikskólastarfið og í rýnihópi er sagt „börnin eru allra“ og leikskólastarfsmaðurinn eins og „amma allra í sveitinni“.

Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi leikskóla

- Gera sýnilegra hvernig unnið er með margbreytileika í barnahópnum.
- Huga að vali barnanna á viðfangsefni og tækifærum þeirra til að hafa áhrif á skipulag.
- Leita leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa öðlast næga færni í íslensku.
- Gera sýnilegra að öllum námssviðum leikskólans er sinnt í daglegu starfi.
- Halda áfram að leita leiða til að uppfylla þær skyldur sem lög kveða á um varðandi tilskilda menntun leikskólakennara.

Styrkleikar í innra mati

Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn nýtir í innra mat sitt. Í langtímaáætlun sést að allir helstu þættir skólastarfs eru metnir á 6 ára tímabili og skilgreind eru viðmið við hvern þátt í Gæðagreini. Skólinn nýtir fjölbreyttar leiðir til að afla gagna og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.

Greinargerðir um innra mat skólans eru ítarlegar og birtar á heimasíðu ásamt niðurstöðum kannana. Umbótaáætlun, bæði fyrir leik- og grunnskóla, er tímasett og skilgreinir ábyrgðaraðila og hvenær meta á árangur aðgerða.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Gera áætlun um innra mat skólans á yfirstandandi skólaári sem nær til allra þátta sem skólinn nýtir í sínu innra mati.
- Hafa samræmi milli niðurstöðu innra mat liðins árs og umbótaáætlunar yfirstandandi skólaárs.
- Skipa matsteymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa svo þeir geti tekið þátt í forgangsröðun, ákveði áherslur verkefna og hvaða leiðir á að fara.
- Kynna formlega allar niðurstöður innra mats fyrir hagsmunaaðilum, þ.m.t. fyrir nemendum.

Styrkleikar í mannauði

Starfsandi er góður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni. Mótuð hefur verið starfsmannastefna fyrir skólann. Aðgengi að skólastjóra er gott og starfsfólk segist fá hrós og hvatningu og skólastjóri hefur sérstaklega hvatt kennara til aukins samstarfs. Samábyrgð er ríkjandi gagnvart nemendahópnum enda skólinn fámennur og allir tengjast og þekkjast.

Tækifæri til umbóta í mannauði

- Vinna áfram að endurbótum húsnæðis og vinnuástöðu kennara.

Frekari greining Laugargerðisskóli

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólánámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 15 kennslustundir þar sem flestar kennslustundir voru metnar góðar, nokkrar þannig að þar mætti bæta og ein var talin frábær. Engin kennslustund var metin óviðunandi.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að nemendur vinni einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 60% af þeim kennslustundum sem metnar voru og samvinna er skipulögð í 33% stundanna.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda notar upplýsingatækni í sex kennslustundum af 15 sem matsmenn heimsóttu. Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í einni af þessum stundum.

Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-veggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallaðar eru bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir og eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í Hvítbók um umbætur í menntun.


Fræðari-bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsfnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Eða kennari leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Í 47% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, það er bein kennsla, og álíka þar sem blandað var leiðbeinandi og fræðandi.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: *almennur hluti* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: *greinasvið* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Eyja- og Miklaholtshreppur. Slóðin er:

<http://www.eyjaogmikla.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007–2020*.

Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Laugargerðisskóli. Slóðin er:

<http://www.laugargerdissskoli.is>

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er:

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinn áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Slóðin er:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a2ce9f38-25e2-4cdf-9ceb-db345e791f80>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

